

Nd.

353. Nefndarálit

[45. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. október 1957.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Nd. á síðasta þingi, en varð ekki útrætt í sjávarútvegsnefnd deildarinnar. Á sama veg fór um frv. til l. um breyting á siglingalögum, nr. 66 31. des. 1963, en bæði frumvörpin hafa að þessu sinni verið lögð fyrir Ed. og hlotið afgreiðslu þar.

Við athuganir sínar á frumvarpinu tók nefndin upp þráðinn frá fyrra ári, en þá var búið að ræða það og fá um það umsögn frá Íslenskri endurtryggingu, sem mælti með því, að alþjóðasamþykktin um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna yrði staðfest af Íslands hálfu. Hins vegar kom í ljós, að verulegar lagfæringar þurfti að gera á íslenskri þýðingu alþjóðasamþykktarinnar á fylgiskjali með frumvarpinu, og frumtexta á fyrirvara af Íslands hálfu vantaði alveg.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, að frumtexti fyrirvarans verði prentaður framan við enska textann, og með nýrri þýðingu enska textans á fylgiskjali, sem nefndin hefur látið gera.

Þessar brtt. flytur nefndin á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. marz 1968.

Birgir Finnsson,
form., frsm.

Ragnar Jónsson.

Pétur Sigurðsson,
fundaskr.

Jón Skaftason.
Lúðvík Jósefsson.

Guðl. Gíslason.

Björn Pálsson.